

Starfsáætlun 2022

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs

Á árinu 2022 verður áfram unnið að verkefnum í aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum 2019 til og með 2022. Enn standa eftir verkefni sem ekki var hægt að framkvæma m.a. vegna þess ástands sem Covid faraldurinn skapaði.

Önnur verkefni ársins 2022:

- ✚ Undir lok árs 2021 mun fyrsta lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar verða lögð fyrir borgarstjórn til samþykktar. Aðgerðaráætlun með stefnunni verður innleidd í alla starfsemi borgarinnar.
- ✚ Lokið verður við mótun aðgengisstefnu borgarinnar og innleiðing hafin.
- ✚ Íbúaráð verða fest í sessi með tillögum þess efnis.
- ✚ Endurskoðun ramma og ábyrgð á túlka og þýðingaþjónustu Reykjavíkurborgar.
- ✚ Skoðun á stöðu trans barna sem ekki njóta stuðning forsjáraðila innan skólakerfisins.
- ✚ Haldið verður fjölmenningsþing vorið 2022 í samvinnu við hagsmunasamtök innflytjenda og fleiri aðila.
- ✚ Hefja skal vitundarvakningarátak gegn fordómum, áreitni og ofbeldi, í samræmi við samþykkt tillögu á sameiginlegum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs og ofbeldisvarnarnefndar þann 19. nóvember 2020.
- ✚ Fylgja eftir aðgengi að ókyngreindum salernum.
- ✚ Fylgja eftir aðgengi trans fólks að sundlaugum.